

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1962

Nr. 3.

2

24. febrúar.

F J Á R A U K A L Ö G

fyrir árið 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþytti mínu:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1960, eru veittar kr. 72 694 450.72 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1. Póstmál	kr. 1 406 491.56
af kr. 8 128 820.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
2. Síminn	— 13 003 797.50
af kr. 13 531 295.92 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
3. Tóbakseinkasala ríkisins	— 150 307.79
af kr. 4 590 823.99 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
4. Ríkisútvarpið	— 4 546 904.80
af kr. 6 415 997.25 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
5. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	— 444 716.21
en tekjur fóru kr. 422 883.25 fram úr fjárlagaáætlun.	
6. Áburðarsala ríkisins	— 170 343.81
af kr. 195 814.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
7. Landssmiðjan	— 259 050.29
af kr. 287 195.03 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
8. Tunnuverksmiðjur	— 842 590.93
af kr. 842 590.93 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
9. Innkaupastofnun ríkisins	— 641 904.36
af kr. 1 661 497.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
10. Bessastaðabú	— 326 034.69
en tekjur fóru kr. 254 303.35 fram úr fjárlagaáætlun.	
11. Kópavogsbú	— 41 335.85
af kr. 44 108.79 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	
12. Skólabúið á Hólum	— 324 168.88
en tekjur fóru kr. 244 021.90 fram úr fjárlagaáætlun.	
13. Skólabúið á Hvanneyri	— 399 570.50
en tekjur fóru kr. 361 584.30 fram úr fjárlagaáætlun.	

kr. 22 557 217.17

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	43 996.85
— — — — - 10. — II.	— —	—	1 165 067.28
— — — — - 11. — B.	— —	—	51 808.27
— — — — - 13. — A.	— —	—	1 851 022.17
— — — — - 13. — B.	— —	—	3 373 892.16
— — — — - 13. — C.	— —	—	890 430.11
— — — — - 13. — D.	— —	—	246 766.38
— — — — - 13. — E.	— —	—	161 566.81
— — — — - 14. — B.	— —	—	178 962.83
— — — — - 16. — B.	— —	—	5 147 325.23
— — — — - 16. — C.	— —	—	115 721.25
— — — — - 18. —	— —	—	444 111.30
— — — — - 19. — 5.	— —	—	3 938 622.59
		kr.	40 166 510.40
Til eignauukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	—	32 527 940.32
Inn fóru kr. 112 524 783.27 fram úr fjárlagaáætlun.			
	Samtals	kr.	72 694 450.72

Gjört i Reykjavík, 24. febrúar 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

1. marz.

Nr. 4.

L Ö G

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands (IMSI) er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn ráðherra þess, sem fer með iðnaðarmál.

2. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til fjögurra ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningarár, en eftirtalin félagasamtök skulu hvert um sig tilnefna einn mann í stjórnina:

Alþýðusamband Íslands,

Félag íslenzkra iðnrekenda,

Iðnsveinaráð Alþýðusambands Íslands,

Landssamband iðnaðarmanna,

Samband ísl. samvinnufélaga,

Verzlunarráð Íslands,

Vinnuveitendasamband Íslands.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar varaformann úr hópi aðalstjórnarmanna.